

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við hátíð í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá því að kennsla í hjúkrunarfræði hófst við Háskóla Íslands. Haldið í Hátíðasal Aðalbyggingar föstudaginn 29. september 2023 kl. 15.30

Kæru afmælishátíðargestir. Það er mér einstök ánægja og heiður að ávarpa þessa glæsilegu samkomu sem haldin er í tilefni þess að nú í haust er liðin hálf öld frá því að kennsla í hjúkrunarfræði hófst við Háskóla Íslands. Áður en lengra er haldið vil ég óska okkur öllum til hamingju með þennan merka áfanga .

Kennsla og nám í hjúkrunarfræði á sér merka sögu á Íslandi og er hún ekki aðeins mikilvægur hluti af 112 ára sögu Háskóla Íslands heldur endurspeglar saga hjúkrunarfræðinnar jafnframt þær stórkostlegu breytingar sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi undanfarna hálfu öld – þegar litið er til þróunar mennta- og heilbrigðiskerfis, atvinnuhátta, lýðheilsu, kynjajafnréttis og svo mætti lengi telja.

Nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hófst haustið 1973, en áður hafði það farið fram við Hjúkrunarskóla Íslands og var svo allt fram til ársins 1986 þegar Hjúkrunarskólinn var lagður niður. Fyrstu árin laut námið bráðabirgðastjórn og heyrði undir Læknadeild, engir fastráðnir kennarar voru við námsbrautina og var hún framan af að mestu leyti rekin af hugsjónafólki sem var í fullu starfi utan háskólans.

Árið 1976 markaði mikilvægan áfanga er Ingibjörg R. Magnúsdóttir tók við starfi námsbrautarstjóra og ári síðar varð Marga Thome fyrsti fastráðni kennarinn þegar hún var ráðin lektor í hjúkrunarfræði. Við þróun

námsbrautarinnar, gerð námskrár og tilhögun kennslu fyrstu árin var jafnframt leitað stuðnings frá sérfræðingum í háskólum í Bandaríkjunum og Kanada auk þess sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, veitti mikilvæga ráðgjöf og aðstoð. Þess má geta að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hafði allt frá árinu 1966 markað þá stefnu að öll menntun hjúkrunarfræðinga yrði innan vébanda æðri menntastofnana. Það var heillaskref og mikil framsýni að strax var haft náið samráð við erlenda háskóla og stofnanir sem framarlega standa á sviði æðri menntunar í hjúkrunarfræði og hefur sá metnaður að bera sig saman við það sem best er gert í heiminum fylgt deildinni fram til þessa dags.

Framan af var starfsaðstaða greinarinnar utan háskólasvæðisins, en frá 1986 hefur Eirberg, sem áður hýsti Hjúkrunarskóla Íslands, verið aðsetur deildarinnar. Hjúkrunarfræðinámið heyrði fyrstu áratuginu undir Læknadeild, eins og áður sagði, en á aldamótaárinu 2000 náðist mikilvægur áfangi þegar námsbrautin var gerð að sjálfstæðri deild þar sem bæði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði er kennd.

Með flutningi hjúkrunar- og ljósmóðurfræðimenntunar á Íslandi á háskólastig varð veruleg breyting á allri umgjörð þessara starfsstétta hér á landi og óhætt er að segja að Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands hafi jafnan verið í fremstu röð þegar kemur að grunnmenntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Vesturlöndum. Um þetta vitna bæði ytri úttektir og matslistar yfir bestu háskóla heims á einstökum fræðasviðum, en þar hefur hjúkrunarfræði iðulega fengið hvað besta einkunn byggða á alþjóðlegum mælikvörðum um árangur og gæði.

Mikilvægur þáttur í farsælli þróun deildarinnar er að margir af fyrstu árgöngum nemenda héldu að loknu námi hér heima til framhaldsnáms á erlendri grundu og fluttu í kjölfarið þekkingu og reynslu hingað heim og lögðu þannig af mörkum dýrmætan skerf til uppbyggingar deildarinnar og rannsókna á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Eftir því sem árin liðu fjölgaði sérfræðingum í hjúkrun og átti innleiðing meistaranáms við deildina árið 1998 stóran þátt í því. Uppbygging doktorsnáms varð svo til þess að efla enn fremur kennslu, rannsóknir og heilbrigðisþjónustu í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.

Ég nefndi hér að framan farsælt samstarf Hjúkrunarfræðideildar við erlendar háskóladeildir og ber þar fyrst og fremst að geta University of Minnesota sem jafnframt var fyrsti erlendi háskólinn sem átti í formlegu samstarfi við Háskóla Íslands. Svo skemmtilega vill til að University of Minnesota er jafnframt fyrsti og sem stendur eini háskólinn utan Evrópu sem er orðinn formlegur aðili að Aurora samstarfsnetinu, sem er bandalag 10 evópskra rannsóknarháskóla sem Háskóli Íslands leiðir og má segja að sé í fararbroddi alþjóðlegs samstarfs Háskólans í dag.

Annar sögulegur áfangi í þróun deildarinnar varð árið 2022 þegar heiti hennar var breytt í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild og endurspeglar breytt heiti þá breidd og fjölbreytni sem ríkir í starfi deildarinnar. Samstarf hennar tekur ekki aðeins til erlendra háskóla og rannsóknastofnana heldur á hún ekki síður í víðtæku og mikilvægu samstarfi hér innanlands. Ber þar sérstaklega að nefna Landspítalann sem stundum hefur verið nefndur stærsta kennlustofa Háskóla Íslands á sviði heilbrigðisvísinda. Byggir þetta

samstarf á traustum grunni samstarfssamnings Háskóla Íslands og Landspítalans.

Starfsemi deildarinnar hefur alla tíð einkenst af framsýni og til marks um það má t.d. nefna að nýlega var boðið upp á nám í hjúkrunarfræði fyrir fólk sem lokið hefur öðru háskólaprófi og einnig samstarf við Háskólann á Akureyri um meistaranám í geðhjúkrun sem er nýjung í íslensku háskólastarfi.

Góðir gestir. Á þeirri hálfu öld sem liðin er frá því að nám í hjúkrunarfræði hófst við Háskóla Íslands hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag menntar Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild nemendur til fjölbreyttra starfa innan heilbrigðiskerfisins og eru brautskráðir nemendur deildarinnar eftirsóttir starfskraftar víðsvegar í þjóðfélaginu og um allan heim. Nú starfa við deildina á fjórða tug fastráðinna kennara auk fjölda stundakennara. Framhaldsnám hefur eflst mikið við deildina og birtist það m.a. í því að sífellt fleiri kennarar eru með doktorspróf. Rannsóknnum við deildina hefur að sama skapi fleygt fram sem hefur skilað sér í kennslu og þróun framhaldsnáms. Rannsóknastarfið er öflugt enda hefur hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands mælst í sæti 101-150 síðastliðna hálfra áratuginn í samanburði við alþjóðlega háskóla samkvæmt svokölluðum Shanghai lista sem er afar glæsilegur vitnisburður.

Það er stundum sagt að prófsteinn á gæði háskóla sé hvernig nemendum hans vegnar á erlendri grund. Óhætt er að segja að þeir nemendur sem brautskrást frá Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild standist það próf með glæsibrag því þeim hefur vegnað afar vel í framhaldsnámi við virtustu háskóla heims.

Góðir gestir, ég vil ljúka máli mínu á því að endurtaka hamingjuóskir mínar til handa Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild. Framtíðin er björt!